

gr. laga nr. 20/1954 ekki skipta máli, eins og atvikum er háttað. Af þessum ástæðum verður að líta svo á, að tryggingarsamningurinn um vörurnar hafi af hálfu stefnda verið gerður á röngum forsendum. Leiðir það til þess, að tryggingarsamningur þessi er ekki bindandi fyrir stefnda. Verður krafa hans um sýknu því tekin til greina að því leyti.

Hins vegar þykir stefndi, eins og málavöxtum er háttað, eiga að greiða stefnanda bætur fyrir hinn brunna skúr. Þykir hæfilegt að stefndi bæti stefnanda skúrinn með kr. 3.500.00.

Vaxtakrafa stefnanda hefur ekki sætt andmælum. Verður stefnda því dæmt að greiða stefnanda 8% ársvexti af framangreindri fjárhæð frá 23. marz 1962 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 2.000.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Árna Árnasyni kaupmanni og Geir Arnesen efnaverkfræðingi.

#### Dómsorð:

Stefndi, Tryggingamiðstöðin h/f, greiði stefnanda, Gunnari Guðmundssyni, kr. 3.500.00 með 8% ársvöxtum frá 23. marz 1962 til greiðsludags og kr. 2.000.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. marz 1966.

Nr. 86/1965. **Walter Lentz og Ragnheiður Sigurðardóttir**

(Árni Guðjónsson hlr.)

gegn

**Dráttarvélum h/f**

(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Eignarréttarfyrrvari. Traustnám.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. apríl 1965, skotið máli þessu til Hæstaréttar 29. apríl 1965 og krafizt

þess, að synjað verði innsetningargerðar og að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir fúgetadómi og Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi seldi hinn 15. desember 1961 Arinbirni Jónssyni kaupmanni eldavélarsamstæðu þá, sem í málinu greinir, og áskildi sér eignarrétt að henni, unz kaupverð hennar, er greiðast skyldi að nokkru með borgun út í hönd og að nokkru eftir vixlum, væri að fullu greitt. Var eldavélarsamstæðan samkvæmt gerð sinni felld sem einn hluti inn í innanbúnað á eldhúsi í húsinu nr. 145 við Hvassaleiti í Reykjavík. Þau Arinbjörn Jónsson og kona hans seldu áfrýjendum nefnt hús með kaupsamningi 30. október 1962 og afsali 2. janúar 1963. Með því að kaupverð það, sem Arinbirni Jónssyni bar að greiða fyrir eldavélarsamstæðuna, hefur eigi verið innt af hendi af hluta, krefst stefndi þess, að honum verði með aðstoð fúgeta afhent eldavélarsamstæðan.

Þar sem eldavélarsamstæðan var felld inn sem einn hluti af innanbúnaði í eldhúsinu á nefndu húsi og áfrýjendur keyptu húsið grandlaus um eignarréttarfyrirvarann, verður honum eigi beitt gegnt áfrýjendum, sem öðlazzt hafa traustnámsrétt til eldavélarsamstæðunnar. Ber því að synja um innsetningargerð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjendum málskostnað fyrir fúgetadómi og Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

#### Dómsorð:

Synjað er um krafða innsetningargerð.

Stefndi, Dráttarvélur h/f, greiði áfrýjendum, Walter Lentz og Ragnheiði Sigurðardóttur, málskostnað fyrir fúgetadómi og Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

### Úrskurður fógætadóms Reykjavíkur 12. desember 1964.

Af hálfu gerðarbeiðanda, Dráttarvéla h/f, hér í borg, er þess krafizt, að eldavélarsamstæða (ofn og plötur) af gerðinni Westinghouse verði tekin úr umráðum gerðarþolanna, Walter Lentz og Ragnheiðar Sigurðardóttur, Hvassaleiti 145, hér í borg, og gerðarbeiðanda fengin umráð hennar. Þess er og krafizt, að gerðarþolum verði in solidum gert að greiða gerðarbeiðanda málskostnað.

Gerðarþolar hafa mótmælt því, að gerð þessi nái fram að ganga. Þau hafa krafizt þess, að gerðarbeiðanda verði gert að borga málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram 4. þ. mán.

Fyrir liggur í máli þessu, að hinn 15. desember 1961 seldi gerðarbeiðandi, Dráttarvélar h/f, Arinbjörn nokkrum Jónssyni eldavélarsamstæðu (ofn og plötur) af gerðinni Westinghouse fyrir kr. samtals 19.570.00. Greiddi Arinbjörn við samningsgerð þessa kr. 1.930.00, en samþykkti víxla fyrir eftirstöðvunum, hvern að fjárhæð kr. 1.930.00, og skyldu þeir greiðast 15. hvers mánaðar á tímabilinu 15. janúar 1962 til og með 15. september 1962. Að öðru leyti var um kaup þessi gerður skriflegur samningur, og er seljanda þar áskilinn eignarréttur að hinu selda, unz kaupverð sé að fullu greitt, og tekið fram, að samþykktir víxlar eða greiðsla með ávísun upphefji ekki eignarréttinn, fyrr en full greiðsla sé komin. Ef vanskil verða, er seljanda heimilt að taka hið selda þegar í stað. Vísast að öðru leyti til samnings þessa, sem lagður er fram í málinu sem rskj. nr. 3.

Tæki þessi voru síðan sett í eldhús í húsi Arinbjarnar að Hvassaleiti 145, hér í borg.

Þá liggur fyrir í málinu, að Arinbjörn Jónsson og kona hans, Guðrún Gísladóttir, afsala hinn 2. júní 1963 þeim Walter Lentz og Ragnheiði Sigurðardóttur nýnefndri fasteign, sjá rskj. nr. 12. Hinn 30. október 1962 höfðu sömu aðiljar gert með sér kaupsamning, sjá rskj. nr. 11. Þar er tekið fram, að meðal annarra lausafjármuna, sem seld séu með eigninni, sé rafmagnseldavél og rafmagnsbakarofn.

Svo er frá skýrt af hálfu gerðarbeiðanda, að Arinbjörn Jónsson hafi borgað fyrstu 4 víxlana með skilum, sbr. uppgjör innheimtubanka á rskj. nr. 6, en síðari víxlana 5 hafi hann ekki borg-

að og hafi loks verið höfðað mál til að innheimta þá og um það mál hafi gengið dómur bæjarþings Reykjavíkur nr. 2262/1963, uppkveðinn 27. marz 1963, sjá rskj. nr. 4 í máli þessu. Bú Arinbjarnar hafi síðan verið tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda, sjá vottorð skiptaráðanda á rskj. nr. 9, en skipti svo felld niður 14. ágúst 1964, er fram hafði komið, að engar eignir voru í búinu og hafi þessum innheimtuaðgerðum þar með verið lokið. Vísast hér til endurrits af skiptabók Reykjavíkur á rskj. nr. 10.

Þegar innheimtuleiðin hafi þannig verið reynd til þrautar, hafi gerðarbeiðandi nú freistað að fara þá leið aðra, sem samningurinn á rskj. nr. 3 veitti, sem sé að taka aftur hina seldu muni vegna hinna verulegu vanskila, sem þannig hafi orðið. Þessi réttur hafi verið algerlega ótvíræður. Samkvæmt samningnum sé eignarréttur að hinu selda hjá seljanda, þar til greitt hafi verið að fullu í peningum, en kaupandi aðeins haft afnotarétt. Víxlar þeir, sem kaupandi hafi samþykkt, séu aðeins tryggingarvíxlar, þar eð samningurinn segi berum orðum, að tilvist þeirra breyti engu í þessu efni, heldur ekki það, hvort kaupendurnir voru grandlausir um eignarréttarfyrirvarann. Hvíli engin þinglýsingar- eða skrásetningarskylda á rétthafa slíks samnings sem þessa.

Gerðarbeiðandi vísar í þessu sambandi til bréfs, sem hann hefur skrifað gerðarþola, Walter Lentz, dags. 24. september s.l., rskj. nr. 5. Þar krefst gerðarbeiðandi þess, að eldavélarsamstæðunni verði skilað eða skuldin, kr. 9.800.00, ásamt vöxtum greidd innan tiltekins frests.

Af hálfu gerðarþola er bent á þá viðskiptavenju, að eldhústæki sem þessi fylgi með í kaupum og sölu fasteigna, nema annað sé fram tekið sérstaklega, og ekkert hafi verið vitað um eignarréttarfyrirvara þennan, er þessi kaup gerðust. Raunar hafi eignarréttarfyrirvari þessi verið ógildur frá upphafi vega, þar eð Arinbjörn hafi borgað tækin að fullu með víxlum, sem hver um sig sé alveg sjálfstætt viðskiptabréf, og í því sambandi skipti engu klausa sú, sem í samningnum greinir, að samþykki víxla skipti ekki máli um eignarréttinn. Slík ákvæði séu eðli málsins samkvæmt allsendis ógild. Því er mótmælt, að Arinbjörn hafi greitt suma víxlana.

Mætt hefur sem vitni í málinu Gísli Jónsson, Ægisgötu 10, hér í borg, en dóttir hans Guðrún var í hjúskap með Arinbirni Jónsyni, er kaupsamningur og afsal til gerðarþola fóru fram. Segist

Gísli hafa verið milligöngumaður um sölu þessa og samningsgerð fyrir hönd seljenda. Segist hann alls ekki hafa vitað um neinar kvaðir á eldavélarsamstæðu þessari, er hann auglýsti og seldi eignina, en aðeins hafa farið eftir veðbókarvottorði um áhvílandi skuldir og kvaðir. Hann hyggur, að kaupendum hafi verið ókunnugt um nokkrar kvaðir á samstæðunni.

Það ákvæði samningsins á rskj. nr. 3, að gerðarbeiðandi héldi eignarrétti sínum að hinum umdeildu tækjum, unz hann hefði fengið fulla greiðslu í peningum, ber að meta gilt að öllu leyti. Og með því annars vegar, að gerðarbeiðandi hefur reynt til þrautar, en árangurslaust, að innheimta víxla þá, sem samþykktir voru vegna kaupmanna, og hins vegar, að hann hefur eftir atvikum gert fullnægjandi grein fyrir þeim, þykir rétt að leyfa endurheimtu tækjanna með tilvísun til samningsins. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi, þótt Arinbjörn Jónsson hafi fengið öðrum umráð yfir tækjum þessum né heldur grandleysi þeirra í þessu efni.

Verður fúgetagerð þessi látin ná fram að ganga, og þykir rétt, að gerðarpólar greiði in solidum gerðarbeiðanda málskostnað, sem er hæfilega tiltekinn kr. 2000.00.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

#### Því úrskurðast:

Gerð þessi fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarpólar greiði in solidum gerðarbeiðanda kr. 2.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.